



305 SLYSATRYGGING ÖKUMANNS OG EIGANDA SEM FARÞEGA Á TORFÆRUTÆKI

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

1. Lög um váttryggingarsamninga.

1.1 Að öðru leyti en kveðið er á um í skilmálum þessum, váttryggingarskírteini eða öðrum gögnum, sem váttryggingarsamningurinn byggir á, gilda um hann lög nr. (númer) 30/2004 um váttryggingarsamninga.

2. Gildistími – endurnýjun og brottfall váttryggingarinnar.

2.1 Váttrygging þessi er því aðeins veitt að hið váttryggða torfærutæki sé jafnframt váttryggt með ábyrgðartryggingu ökutækis hjá félaginu samkvæmt skilmálum félagsins nr. 220 um þá váttryggingu. Váttryggingin gildir fyrir það tímabil sem tilgreint er í váttryggingar- eða endurnýjunarskírteini. Þegar tímabilinu lýkur framlengist váttryggingin um eitt ár í senn nema váttryggingartaki hafi sagt henni upp innan mánaðar frá því að félagið sendi tilkynningu um gjalddaga hins nýja tímabils skv. (samkvæmt) gr. (grein) 3.1. Ekki er þó skylt að tilkynna uppsögn fyrr en tvær vikur eru til loka tímabilsins.

2.2 Falli ábyrgðartrygging torfærutækisins niður samkvæmt skilmálum ábyrgðartryggingarinnar fellur váttrygging þessi niður með sama hætti.

2.3 Nú hefur váttryggingaratburður orðið, sem leitt hefur til alvarlegs trúnaðarrests milli félagsins og váttryggingartaka, eða áhættumat, sem er til grundvallar váttryggingunni og iðgjald miðast við, hefur gerbreyst, er félaginu þá heimilt að segja tryggingunni upp með tveggja mánaða fyrirvara. Verði þrjú bótaskyld tjón á 18 mánaða tímabili hefur félagið rétt til þess að segja váttryggingunni upp. Skrifleg uppsögn skal fara fram án ástæðulauss dráttar eftir að félaginu varð kunnugt um atvik sem veita því rétt til uppsagnar.

2.4 Falli váttrygging þessi niður samkvæmt 2. eða 3. mgr. (málgrein) fer um endurgreiðslu iðgjalds samkvæmt 4. gr. skilmálanna.

3. Greiðsla iðgjalds.

3.1 Greiða skal fyrsta iðgjald þegar váttryggingin gengur í gildi og síðari iðgjöld á tilgreindum gjalddögum. Félagið sendir váttryggingartaka tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins. Í tilkynningunni skal greiðslufrestur tilgreindur sérstaklega sem skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem tilkynningin er send.

3.2 Sé iðgjald ekki greitt þegar greiðslufresti lýkur, skv. 1. mgr. er félaginu heimilt að senda sérstaka aðvörun, þar sem greiðsla er krafist innan 14 daga, ella fellur váttryggingin niður sé iðgjaldið þá enn ógreitt.

3.3 Hafi váttryggingartaki ekki samið sérstaklega við félagið um greiðslu iðgjaldsins áður en frestur skv. 2. mgr. rennur út telst það ógreitt ef það er ekki að fullu greitt þegar fresturinn er úti.

3.4 Krafa um greiðslu iðgjalds er send á heimilisfang váttryggingartaka sem tilgreint er í þjóðskrá nema hann hafi tilgreint annað heimilisfang sérstaklega. Breytingar á tilgreindu heimilisfangi skal þegar í stað tilkynna félaginu.

3.5 Falli váttrygging niður skv. 2. mgr. fer um uppgjör iðgjalds skv. 4. gr. skilmálanna.

3.6 Við innheimtu iðgjalds er félaginu heimilt að innheimta sérstakt gjald sem nánar skal tilgreint í iðgjaldaskrá til að standa straum af kostnaði við innheimtu iðgjaldsins. Þess skal einnig getið sérstaklega í tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins.

4. Uppgjör á iðgjaldi þegar váttryggingin fellur úr gildi á váttryggingartímabilinu.

4.1 Iðgjald ákvarðast eftir árstíðabundinni áhættu. Falli váttryggingin úr gildi á váttryggingartímabilinu vegna torfærutækis skal váttryggingartaki greiða iðgjald miðað við það samanlagða hlutfall ársiðgjalds sem tilgreint er í töflunni hér að neðan fyrir það tímabil sem váttryggingin var í gildi, en flokkur torfærutækis sem það fellur undir er tilgreindur í váttryggingarskírteini. Félagið endurgreiðir iðgjald samkvæmt sömu reglu fyrir þann tíma sem greitt hefur verið fyrir og váttryggingin var ekki í gildi.

Mánuður	1 (t.d. vélsleðar)	2 (t.d. mótorhjól)	3 (t.d. fjórhjól)
janúar	14%	2%	2%
febrúar	23%	2%	4%
mars	23%	3%	4%
apríl	15%	6%	4%
maí	8%	14%	4%



305 SLYSATRYGGING ÖKUMANNNS OG EIGANDA SEM FARÞEGA Á TORFÆRUTÆKI

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

júní	2%	16%	13%
júlí	2%	16%	17%
ágúst	2%	16%	17%
september	2%	14%	22%
október	2%	6%	9%
nóvember	2%	3%	2%
desember	5%	2%	2%
Samtals	100%	100%	100%

5. Svik og aðrar rangar upplýsingar.

- 5.1 Hafi váttryggingartaki við gerð eða endurnýjun váttryggingarsamnings sviksamlega eða með öðrum hætti vanrækt skyldu sína til að veita félaginu upplýsingar um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat þess á áhættunni og váttryggingaratburður hefur orðið fellur ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. (samanber) 83. gr. váttryggingarsamningalaga. Rangar og ófullnægjandi upplýsingar veita félaginu enn fremur rétt til að segja váttryggingunni upp, sbr. 84. gr. laganna.
- 5.2 Veiti váttryggður við uppgjör bóta af ásetningi rangar upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiða til þess að hann fær greiddar bætur sem hann á ekki rétt til fellur bótaréttur hans niður og félagið getur sagt upp öllum váttryggingarsamningum sínum við váttryggðan eins og nánar greinir í 120. gr. váttryggingarsamningalaga.

6. Ásetningur og stórkostlegt gáleysi.

- 6.1 Valdi váttryggður tjóni af ásetningi ber félagið enga ábyrgð á tjóninu. Hafi hann valdið tjóninu af stórkostlegu gáleysi er félagið laust úr ábyrgð í heild eða að hluta.

7. Greiðsla bóta og vextir.

- 7.1 Krefjast má greiðslu bóta 14 dögum eftir að félagið átti þess kost að afla þeirra upplýsinga sem þörf var á til að meta váttryggingaratburðinn og ákveða fjárhæð bóta. Um rétt váttryggðs til vaxta af bótum fer eftir ákvæðum 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

8. Verðtrygging og vísitala.

- 8.1 Váttryggingarfjárhæðir og aðrar fjárhæðir sem tilgreindar eru í váttryggingar- eða endurnýjunarskírteini til afmörkunar á ábyrgð félagsins breytast einu sinni á ári við upphaf váttryggingartímabils í hlutfalli við breytingar á vísitölu neysluserðs til verðtryggingar.

9. Almennar takmarkanir á gildissviði váttryggingarinnar.

- 9.1 Váttryggingin tekur ekki til tjóns sem hljótast við eftirtalin tilvik:
- stríð, óeirðir, uppbót, verkfallsaðgerðir eða aðra sambærilega atburði,
 - af völdum kjarnorku, jónandi geislunar eða geislavirkra efna,
 - eldgos, jarðskjálfta, skriðuföll, snjóflóð, vatnsflóð og aðrar náttúruhamfarir nema annars sé sérstaklega getið,
 - hvers konar líffræðileg eða efnafræðileg áhrif og/eða eitrun, þ.m.t. (þar með talið) vegna sýkla og veira, sem hljótast af völdum hryðjuverka.

10. Lausn ágreiningsmála. Varnarþing.

- 10.1 Ágreiningi varðandi váttryggingarsamning og bótaskyldu félagsins að öðru leyti má skjóta til úrskurðarnefndar í váttryggingamálum. Upplýsingar um nefndina og starfshætti hennar má fá hjá félaginu.
- 10.2 Þrátt fyrir úrræði 1. mgr. er aðilum heimilt að leggja ágreininginn fyrir dómstóla. Slík mál, svo og önnur mál sem rísa út af váttryggingu þessari, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Félaginu er þó einnig heimilt að höfða mál út af váttryggingunni á heimilisvarnarþingi váttryggingataka.
- 10.3 Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

305 SLYSATRYGGING ÖKUMANNNS OG EIGANDA SEM FARÞEGA Á TORFÆRUTÆKI

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

11. Vátryggingarsvið.

- 11.1 Félagið greiðir bætur fyrir líkamstjón vegna slyss sem vátryggingartaki eða hver sá sem með samþykki hans verður fyrir sem ökumaður við stjórn þess torfærutækis sem getið er í vátryggingarskírteini og vátryggingin tekur til enda verði slysið rakið til notkunar þess í skilningi 4. gr. laga um ökutækjatriggingar nr. 30/2019. Félagið greiðir einnig bætur fyrir líkamstjón vegna slyss sem vátryggingartaki verður fyrir sem farþegi á torfærutækinu enda verði líkamstjónið rakið til notkunar torfærutækisins og heimilt er samkvæmt skráningarskírteini torfærutækisins að vera með farþega.
- 11.2 Með torfærutæki er í skilmálum þessum átt við ökutæki sem er skráð í ökutækjaskrá sem torfærutæki og er undanþegið vátryggingarskyldu skv. 2. mgr. 11. gr. laga um ökutækjatriggingar.
- 11.3 Vátryggingin gildir ekki þegar torfærutæki er notað í aksturskeppni eða æfingum fyrir keppni.

12. Ákvörðun bóta. Vátryggingarfjárhæð.

- 12.1 Vátryggingin greiðir bætur fyrir líkamstjón vátryggðs á grundvelli I. kafla skaðabótalaga.
- 12.2 Sé varanlegur miski metinn lægri en 15 stig greiðast engar bætur fyrir líkamstjón skv. 3.-5. gr. skaðabótalaga (þjáningar, varanlegan miska, varanlega örorku) nema um annað sé samið og þess sérstaklega getið á vátryggingar- eða endurnýjunarskírteini.
- 12.3 Ef vátryggður á rétt á skaðabótum vegna slyssins eftir lögum um ökutækjatriggingar eða öðrum skaðabótareglum lækka bætur úr þessari vátryggingu sem því nemur.
- 12.4 Hámarksbætur til sérhvers vátryggðs í hverju tjónstilviki, það er samanlagðar bætur vegna allra bóталиða samkvæmt I. kafla skaðabótalaga, nemur þeirri fjárhæð sem tilgreind er á vátryggingar- eða endurnýjunarskírteini. Vátryggingarfjárhæð vegna allra tjónsatvika á vátryggingartímabilinu er tilgreind á vátryggingar- og endurnýjunarskírteini.

13. Varúðarreglur.

- 13.1 Vátryggðum er skylt að gæta þess að torfærutæki sé í lögmæltu ástandi. Sérstaklega ber honum að sjá um að öryggistæki þess svo sem hjólbarðar og hemlunarbúnaður séu í lagi.
- 13.2 Vátryggður skal hafa hæfni til þess að stjórna torfærutækinu örugglega, hafa til þess tilskilin ökuréttindi og skal ekki aka því undir áhrifum áfengis, ávana- eða fíkniefna
- 13.3 Brot gegn varúðarreglum þessum getur leitt til þess að réttur til bóta falli niður í heild eða að hluta sbr. 90. gr. vátryggingarsamningalaga.

14. Ráðstafanir vegna slyss.

- 14.1 Slasaða ber að leita læknis strax eftir að slys hefur borið að höndum, gangast undir nauðsynlegar lækniáðgerðir og fara í öllu að fyrirmælum læknis.
- 14.2 Tilkynna skal slys þegar í stað á þar til gerðum eyðublöðum félagsins, ef unnt er, annars á annan hátt til bráðabirgða.
- 14.3. Látist vátryggður af slysförum, skal tilkynna félaginu það eins fljótt og auðið er.
- 14.4 Félagið hefur rétt til þess að láta fara fram krufningu á líki hins látna.
- 14.5 Þegar slys ber að höndum er félaginu heimilt að láta ráðgefandi lækni sinn skoða vátryggðan, svo og afla sér upplýsinga um fyrri heilsufar hans.
- 14.6 Örorkumat, sem lagt er til grundvallar við ákvörðun bóta samkvæmt reglum skaðabótalaga, sbr. gr. 12.1., skal framkvæmt af tveimur læknum eða lækni og lögfræðingi. Annar matsmannanna skal tilnefndur af félaginu og hinn af vátryggðum. Ef augljóst er að mati félagsins á grundvelli fyrirliggjandi gagna og/eða miskatöflu Örorkunefndar að lágmarki varanlegs miska skv. gr. 12.2 verði ekki náð mun félagið ekki standa að og greiða fyrir mat á líkamstjóni.

15. Landfræðilegt gildissvið.

- 15.1 Vátryggingin gildir um notkun torfærutækisins á Íslandi.,

16. Iðgjaldsákvörðun og viðbótariðgjald.

- 16.1 Greiði félagið bætur vegna þess slyss sem vátryggingarsamningur tekur til skal greiða sérstakt viðbótariðgjald skv. iðgjaldaskrá og nánar er tilgreint í skírteini eða endurnýjunarskírteini. Viðbótariðgjald

305 SLYSATRYGGING ÖKUMANNNS OG EIGANDA SEM FARÞEGA Á TORFÆRUTÆKI

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

fellur í gjalddaga um leið og félagið hefur greitt bætur vegna tjóns sem að lágmarki nemur fjárhæð sem nánar er tilgreind í skirteini eða endurnýjunarskirteini.

Skráning í tjónagrunn Creditinfo Lánstrausts hf.

Tjón sem tilkynnt eru til vátryggingafélaga eru skráð í sérstakan tjónagrunn sem rekinn er af Creditinfo Lánstrausts hf. samkvæmt samningi við Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) sem félagið á aðild að og samkvæmt heimild Persónuverndar. Félagið telst ábyrgðaraðili í skilningi persónuverndarlaga nr. 90/2018 vegna skráningar þess á upplýsingum í grunninn og uppflettingum sem framkvæmdar eru á vegum þess. Tilgangur með skráningu í tjónagrunninn er að stemma stigu við vátryggingarsvikum og ofgreiðslu vátryggingabóta. Skráðar eru upplýsingar um kennitölu tjónþola, tjónsnúmer, tegund vátryggingar og tjóns, dagsetning tjóns og skráningar, staðsetning tjóns og eftir atvikum einkvæmt númer hins vátryggða, s.s. skráningarnúmer ökutækis. Við skráningu tjóns fær félagið yfirlit yfir öll tjón sem tjónþoli hefur tilkynnt óháð félagi og skráð hafa verið í tjónagrunninn. Eingöngu starfsmenn félagsins sem skrá tjón og vinna að tjónauppgjöri hafa aðgang að tjónagrunninum. Upplýsingum skal eytt úr tjónagrunni þegar þeirra gerist ekki lengur þörf í þágu tilgangs vinnslunnar, í síðasta lagi þegar 10 ár eru frá skráningu upplýsinganna.

Skilmálar þessir gilda frá 1. janúar 2021.